



Forsetaheimsókn á afmælisdegi Hveragerðisbæjar

Þann 29. apríl sl. fagnaði Hveragerðisbær 80 árum frá stofnedei sveitarfélagsins með glæsilegum hátíðarhöldum. Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, og eiginmaður hennar Björn Skúlason komu í heimsókn og fögnuðu deginum með bæjarbúum. Fjölmenni safnaðist í Listigarðinum þar sem börn úr grunn- og leikskóla mynduðu töluna 80 og flutti Halla Tómasdóttir ávarp til bæjarbúa í tilefni dagsins.



4

Barnamenn- ingardagur í Skálholti

Næsta blað Dagskrárinnar

Vegna uppstigningardags
kemur næsta tölublað
Dagskrárinnar út
miðvikudaginn 13. maí.

Skil á efni og
auglýsingum er
fyrir hádegi
mán. 11. maí.



Áformað að reisa nýtt hjúkrunarheimili og heilsugæslu í Vík í Mýrdal

Þann 4. maí sl. var samkomu-
lag undirritað um bygg-
ingu nýs hjúkrunarheimilis og
heilsugæslustöðvar í Vík í Mýr-
dal. Gert er ráð fyrir að mann-
virkið risi við Sléttuveg 11 á lóð
sem Mýrdalshreppur úthlutar
til ríkisins. Húsnæðið verður
hannað og byggt af þriðja aðila
gegn langtímaleigusamningi við
ríkið.

Inga Sæland, sem fer með
uppbyggingu hjúkrunarheimila,
Alma D. Möller heilbrigðisráð-
herra og Einar Freyr Elínarson,
sveitarstjóri Mýrdalshrepps,
undirrituðu samkomulagið.

Nýja hjúkrunarheimilið mun
leysa af hólmi Hjallatún sem
tekið var í notkun árið 1989. Þar
eru nú 18 hjúkrunarrými en nýja
heimilið verður stærra og betur
búið til að mæta nútímakröfum
um aðbúnað, meðal annars með
einstaklingsrymum og sérþað-
herbergjum. Jafnframt verður
reist ný heilsugæslustöð þar
sem núverandi húsnæði þykir
hvorki hagkvæmt né raunhæft
til endurbóta.

Ákveðið hefur verið að sam-
eina starfsemi í einni bygg-
ingu með það að markmiði að ná
fram samlegðaráhrifum og hag-

kvæmari rekstri. Framkvæmda-
sýslan – Ríkiseignir mun á næst-
unni bjóða verkið út.

„Dagurinn í dag markar
tímamót í þjónustu við eldra
fólk í Vík í Mýrdal. Skilaboðin
hér í dag eru skýr: Við ætlum að
 tryggja öldruðum í Vík í Mýr-
dal besta mögulega aðbúnað og
þjónustu,“ segir Inga Sæland.

Alma D. Möller segir mikla
og brýna þörf hafa verið á
endurnýjun húsnæðisins og að
breytingin verði stórkostleg
fyrir íbúa svæðisins.

„Þetta er stór dagur fyrir
Mýrdalshrepp og tímamót í upp-



Inga Sæland, mennta- og barnamálaráðherra, Einar Freyr Elínarson, sveitar-
stjóri Mýrdalshrepps og Alma D. Möller heilbrigðisráðherra.

byggingu mikilvægrar grunn- segir Einar Freyr Elínarson
þjónustu í sveitarfélaginu,“
sveitarstjóri.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA bZ4X TOURING

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi

100 ára afmæli Reykhólts

100 ára afmæli Reykhólts í Blá-skógabyggð verður fagnað 20. maí 2026. Í tilefni tímamótanna hafa verið gerð fræðsluskilti um sögu þorpsins og efnt verður til hátíðar í Reykholti á afmældisdaginn 20. maí. Hátíðardagskrá hefst kl. 16:00 á horninu þar sem Skólabraut/Sólbraut mætast. Söguskiltin verða afhjúpuð þar formlega og síðan boðið upp á afmældis-sögugöngu með leiðsögn og fróðleik um Reykholt, gengið upp að Reykholtshver, Reykholtsskóla og Aratungu. Við lok göngunnar verður boðið upp á veitingar í Aratungu. Öll hjartanlega velkomin.

Upphaf byggðar í Reykholti má rekja til þess að 20. maí 1926 gaf vinnumaðurinn Jón Halldórsson Biskupstungnahreppi land og fé fyrir barnaskóla sem byggður skyldi við Reykholtshver í landi Stóra-Fljóts. Engir mannabústaðir voru þá í Reykholtinu en bærinn á Stóra-Fljóti stóð í hæðinni rétt ofan við bæjarhúsin á Brautarhóli.

Nú eru hundrað ár liðin frá þessum gjafagjörningi og við minnumst upphafsins og þeirra

sem ruddu brautina, hófu garðyrkju og búskap í Reykholti, beisluðu Reykholtshver, lögðu vegi og lagnir um svæðið. Fyrstu býlin voru byggð 1929-1952. Hér myndaðist fljótlega gott mannlíf og margir öflugir frumherjar komu að uppbyggingunni.

Reykholt hefur vaxið hratt undanfarin ár og þar blómstar mannlíf og menning. Í dag eru íbúar tæplega 500 talsins og sannkallað fjölmenningsamfélag. Reykholt er öflugasta ylræktarsvæði landsins, þar sem heita vatnið er svo sannarlega lífæð samfélagsins.

Stórar garðyrkjustöðvar einenna Reykholt, þær sérhæfa sig hver og ein í ræktun á ákveðnum tegundum og eru fjórar þeirra stærstar á sínu sviði á landsvísi. Friðheimar stærsta tómataræktunarstöðin, Espiflöt stærst í ræktun afskorinna blóma, Gufuhlíð stærst í gürkuræktun, Jarðaberjaland stærst í framleiðslu jarðarberja og Kvistabær er stærsti skógarplöntuframleiðandi á Suðurlandi. Reykholt er ört vaxandi þorp og öflugasta ylræktarsvæði á landinu, þar sem heita vatnið er svo sannarlega lífæð samfélagsins





AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki gíska hvað er að,
komdu frekar í skoðun







Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

HARPA

ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPER LAGNIR



VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI
 Símon Pípari sími:664-8892 eða senda verkefni á superlagnir@superlagnir.is

Vel heppnuð 1. maí hátíðarhöld á Selfossi

Hátíðarhöld 1. maí á Selfossi fóru afar vel fram í góðu veðri og var þátttaka mjög góð. Fjöldi fólks mætti til að taka þátt í kröfugöngu og njóta dagskrárinnar sem boðið var á Hótel Selfossi.

Kröfugangan lagði af stað frá Austurvegi 56 og var leidd af lögreglu, Lúðrasveit Selfoss og Hestamannafélaginu Sleipni, og skapaðist þar skemmtileg hátíðar stemning.

Að göngu lokinni tók við fjölbreytt dagskrá þar sem Jónas Yngvi Ásgrímsson stýrði af fagmennsku. Ræður dagsins voru fluttar af Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, framkvæmdastjóra BSRB, og Elenu R. Marquez Gunnlaugsdóttur frá Menntaskólanum á Laugarvatni.

Í ræðu sinni lagði Sigríður Ingibjörg ríka áherslu á að aðför væri að réttindum launafólks og að eitt stærsta verkefni verka-

lyðshreyfingarinnar nú væri að verja þau réttindi sem þegar hafa áunnist. Hún nefndi sérstaklega skerðingar á réttindum vegna atvinnuleysisbóta sem grófa aðför að launafólki og lýsti áhyggjum af fyrirhuguðu afnámi áminningarskyldu opinberra starfsmanna.

Þá fjallaði hún um efnahagslegar áskoranir, þar á meðal verðbólgu, stöðu húsnæðismála og áhrif fákeppni á markaði. Jafnframt benti hún á að síðustu ríkisstjórnir hefðu ekki tryggt að þeir sem mest hafa milli handanna, svokölluð breiðu bökin, legðu meira af mörkum.

Í ræðu Elenu R. Marquez Gunnlaugsdóttur kom skýrt fram að réttindi launafólks kæmu ekki af sjálfu sér heldur væru afrakstur baráttu sem þyrfti stöðugt að halda áfram. Hún nefndi sem dæmi mikilvægi ákvæða um vinnutíma og hvíldartíma og

undirstrikaði að þau skiptu sköpum fyrir lífsgæði launafólks.

Elena fjallaði einnig um stöðu ungs fólks og þær áskoranir sem það stendur frammi fyrir, ekki síst þegar kemur að því að eignast þak yfir höfuðið. Hún lagði áherslu á að það væri ekki nægjanlegt að réttindi væru til á pappír – það þyrfti að tryggja að þeim væri fylgt í framkvæmd.

Tónlistaratriði frá Tónsmíðju Suðurlands, með þeim Rannveigu Helgu Kjartansdóttur og Erni Hreinssyni, settu skemmtilegan svip á dagskrána. Leikhópurinn Lotta vakti mikla lukku meðal yngstu gesta og fimleikadeildin sá um andlitsmálun.

Hátíðarhöldin fóru vel fram í alla staði og skapaðist góð stemning meðal gesta þar sem samvera, gleði og samstaða voru í fyrirrúmi.





Samfylkingin og óháðir í Árborg



Lækkum gjöld og álögur



Árborg alla ævi

- Setja þak á leikskólagjöld, veita 100% systkinaafslátt, tryggja aðgang frá 1 árs aldri.
- Hefja undirbúning að uppbyggingu skólahúss á Eyrarbakka.
- Bæta þjónustu almenningssamgangna, skóla- og frístundaaksturs og fjölga strætóskýlum
- Fjárhagslegir hvatar til að laða að fyrirtæki og stofnanir.
- Tryggja að íbúar af erlendum uppruna fái viðeigandi stuðning til að aðlagast samfélaginu.
- Nýta velferðartækni til að bæta þjónustu við eldra fólk og öryggi í heimahúsum.
- Lækka fasteignagjöld og álögur á íbúa og fyrirtæki í áföngum á kjörtímabilinu.

Kynntu þér stefnuskrána okkar
xs.is/arborg

Kosningaskrifstofa;
Eyravegi 23, Selfossi



Vaðölduver

Næturflutningar hefjast í vikunni

Landsvirkjun.is





Barnamenningardagur í Skálholti

Sunnudaginn 10. maí verður sefnt til barnamenningardags í Skálholti með fjölbreyttri dagskrá fyrir fjölskyldur og börn á aldrinum 6–12 ára. Markmiðið er að kynna sögu og menningu staðarins á lifandi og aðgengilegan hátt þar sem börn taka sjálf virkan þátt.

Dagskráin hefst með barna- og fjölskyldumessu í Skálholtsdómkirkju kl. 11:00–11:45. Að henni lokinni, frá kl. 12:00 til 15:00, geta gestir farið frjálst á milli stöðva, sem hver um sig tekur um 45 mínútur.

Í Þorlákabúð verður haldin langspilsvinnusmiðja undir leiðsögn Eyjólfssonar tónlistarmanns þar sem börn kynna elsta hljóðfæri Íslendinga og prófa sjálf að leika á það. Rithöfundurinn Kristín Ragna Gunnarsdóttir leiðir börn um Skálholt, þar á meðal í Þorlákabúð og undirgöng, og tengir leiðsögnina við sögur sínar um Úlf og Eddu.

Í fornleifaskóla barnanna kynna Heiðís Einarisdóttir fornleifar staðarins, meðal annars safnið í kjallaranum og fornleifasvæðið, og fá þátttakendur að spreyta sig á einföldum uppgrefti og skráningu gripa. Á túninu við kirkjuna standa ung-

mennaliðar frá KFUM og K fyrir útileikjum fyrir börn.

Veitingastaðurinn Hvönn verður opinn allan daginn með barnamatseðli og nýbökðuðum vöfflum.

Aðgangur er ókeypis. Börn skulu vera í fylgd fullorðinna.



Njálusýningar á Hvolsvelli og Selfossi

Síðustu Njálusýningar í vor Sverða í Félagshöllum Hvoli Hvolsvelli sunnudaginn 10. maí kl. 14.00 og á Sviðinu Selfossi sunnudagskvöldið 10. maí kl. 20.00. Þau Guðni Ágústsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Gissur Páll Gissurarson hafa flutt Njáluþerlur í Salnum í Kópavogi fjórum sinnum við góðar undirtektir og góða aðsókn. Hér er Brennu-Njálssaga sett í nýjan og spennandi búning og skreytt með óperusöng Gissurar Páls Gissurarsonar sem syngur ramm íslensk lög við undirleik Matthildar Önnu Gísladóttur.

Njálufélagið undir forystu Guðna Ágústssonar áformar mörg verkefni á næstunni



Njálureið, málþing ofl. Og viðhafnarútgefni af Brennu Njálssögu Jóns Böðvarssonar prýdda myndum af sögu persónunum

málaðar í lit að Þórhildi Jónsdóttur frá Lambalæk. Ennfremur verða Njálusýningar teknar upp á ný með haustinu.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi

ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmiðja

Gáta vikunnar

Aðvörðun sem er þér veitt, allir bæir landsins hafa. Sleikt- já eru á bakhlíð bleytt, býsna margir heyra, án vafa.

Svar við gátu í blaði 2850: VÉL

1. Stígvél - 2. Bílvél
3. Hrærivél - 4. Rakvél



Sunnlenski matgæðingurinn



Tinnuréttur og tortillakökur

Matgæðingur vikunnar er Kristín Sveinsdóttir.

Takk elsku Hildigunnur mín, fyrir að skora á mig að verða næsti matargæðingur og fyrir falleg orð.

Ég er mjög vel gift og þarf ekki alltaf að elda herna heima, sé kannski meira um bakstur.

En mig langar að koma með geggjað góða uppskrift að kjúklingi sem er mjög vinsæll á mínu heimili

og svo tortillakökuuppskrift sem ég hef nokkrum sinnum gert fyrir Hildigunni mína.

Rétturinn er alltaf kallaður Tinnuréttur herna hjá mér því uppskriftina fékk ég inn við Landmannahelli hjá henni Tinnu sem var landvörður þar fyrir nokkrum árum.

Tinnuréttur

3-4 kjúklingabringur

400 g rjómaostur, þessi í bláa boxinu

1 krukka Ostasósa frá Santa Maria

1 krukka mild salsasósa frá Santa Maria

Rifinn ostur

Smjör til steikingar

Salt og pipar

Doritos eða Tortilla Chips

Stilli bakarofninn á 200 °C.

Byrja á að skera kjúklinginn í litla bita og steikja upp úr smjöri á pönnu, krydda með salti og pipar.

Meðan kjúklingurinn eldast tek ég rjómaostinn og smyr honum í botninn á eldföstu fati, set svo ostasósuna ofan á rjómaostinn og svo salsasósuna ofan á ostasósuna.

Þegar kjúklingurinn er eldaður set ég hann ofan á salsasósuna og því næst rifinn ost ofan á allt saman.

Set inn í ofn og elda í 15–20 mín eða þar til sósan fer að krauma.

Borða með Doritos eða Tor-

Mig langar að skora á nágranna minn hann Sævar Birni að koma með einhverja flotta uppskrift. Hann býr til mjög góða ostaköku svo ég hlakka til að sjá hvað hann býður okkur upp á.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hægt er að senda inn fréttatilkynningar á netfangið dfs@dfs.is

tilla Chips.

Svo af því að Hildigunnur nefndi að ég hefði bjargað henni oftar en einu sinni í veisluhöldum langar mig

ad gefa ykkur líka uppskrift að tortillakökum sem eru alltaf í boði í afmælum hjá mér.

Ég er ekki mikill dassari í matargerð og fer helst alveg eftir uppskriftum en þessi Tortilla-uppskrift er viðmið en svo þarf bara að smakka til.

Tortillakökur með osti og sósu frá Röggvi

Ca 200 g rjómaostur, þessi í bláa boxinu frá MS

1 dós sýrður rjómi 18%

Ca 200-250 g grænmetissósa frá E-Finnsyni

Slatti af þurrulauk, smátt saxaður

Smá karrý

Ostur í sneiðum

2 pk tortillakökur frá Santa Maria eða Euro shopper meði-um stærð.

Salsasósa frá Santa Maria

Ég blanda rjómaosti, sýrðum rjóma og grænmetissósunni saman í hrærivél.

Saxa niður þurrulaukinn og set út í og krydda svo með smá karrý.

Allt hrært vel saman.

Tek svo tvær tortillakökur, legg þær hlið við hlið og set sósablönduna á báðar kökurnar og fjórar ostsneiðar á aðra kökuna og loka með hinni, set þetta svo á disk, held áfram þangað til kökurnar klárast.

Set svo plastpoka yfir staflann og geymi í ísskáp yfir nótt.

Sker svo tortillakökurnar í átta bita og raða fallega á disk og býð upp á salsasósu með.

Verði ykkur að góðu.

Afmælistónleikar - Björgvin Þ. Valdimarsson 70 ára.

Laugardaginn 9. maí verða haldnir tónleikar í Íþróttahúsinu Iðu á Selfossi þar sem Sinfóníuhljómsveit Suðurlands mun flytja verk Björgvins Þ. Valdimarssonar tónskálds og kórstjóra. Auk hljómsveitarinnar koma fram einsöngvararnir Dísella Lárusdóttir, Alexander Jarl Þorsteinsson og Einar Þór Guðmundsson, Karlakór

Selfoss, Karlakór Rangæinga, Sönghópurinn Öðlingar, Kirkjukór Selfosskirkju, Kirkjukór Breiðabólstaðarprestakalls og Kór Odda- og Þykkvabæjar-kirkju. Gunnlaugur Bjarnason verður kynnir og hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Björgvin Þ. Valdimarsson er borinn og barnfæddur Selfyss-

ingur og þar hófst hans tónlistarferill. Hann stundaði nám við Tónlistarskóla Árnesinga og síðar varð hann kennari við skólann auk þess sem hann stjórnaði Samkór Selfoss í sex ár.

Björgvin var ungur þegar hann fór að semja og útsetja tónlist, mest fyrir kóra, einsöngvara og píanó og má þar meðal annars nefna lagið Undir Dalanna sól sem er eitt af hans þekktari lögum. Tónlistarferill hans er langur og farsæll og á tónleikunum í Íþróttahúsinu Iðu verða bæði flutt ný og eldri verk. Meðal eldri laganna má nefna Vorsól, Stíg á bak, Höfðingja smiðjunnar og Rangárþing sem nú er flutt í nýjum búningi með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru einnig léttir og skemmtilegir dúettar sem einsöngvararnir syngja ásamt kór og hljómsveit. Á tónleikunum verða m.a. frumfluttir þrjú kaflar úr nýrri svítu þar sem Björgvin færir æskuminningar sínar frá Selfossi í tóna. Kaflarnir sem verða fluttir heita Æskuminningar við Ölfusá, Í fótbolta á Stjánatúni og Gamli skóðinn hans þabba. Tónleikunum lýkur með flutningi á verki sem heitir Jörð en textinn fjallar um land í mótun, hin miklu náttúruöfl og fegurð landsins. Þetta er verk fyrir tvo einsöngvara, stóran blandaðan kór og hljómsveit.

Tónleikarnir hefjast kl. 16:00 og miðasala er á tix.is



RÚNTUR UM ÁRBORG

Eldri borgurum í Árborg er boðið í skoðunarferð um Árborg sunnudaginn 10. maí.

Farið verður frá Grænumörk kl. 15.00.

Keyrt verður í 65 sæta rútu frá Guðmundi Tyrfings. Fararstjórar eru Bragi Bjarnason og Kjartan Björnsson.

Vinsamlegast skráið þátttöku hjá Guðmundi í síma 896-4368.



Árborg okkar allra

D-listinn í Árborg.



**Samfylkingin og óháðir
í Árborg**



**Bætt þjónusta
eldri borgara**



laufcycles

Lauf eElja. Físlétt íslenskt rafmagnsfjallahjól, í hæsta gæðaflokki. Við seljum milliliðalaust og getum þannig boðið verð sem enginn keppir við frá 999.900 kr. Meira á laufcycles.com



Sláturhús Selfossi Störf í sláturtíð haustið 2026

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins www.ss.is undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480-4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

Bragabátar með bestu franskarnar í Árborg

Nýverið hefur fröllu klúbbur Félagsmiðstöðvarinnar Zelsiuz staðið fyrir fröllu smakki í Árborg. Farið var á alla helstu staði Árborgar og smakkað lítinn skammt af frönskum. Gefið var einkunn fyrir eftirfarandi flokka; bragð, útlit og verð vs skammtur.

Alls tóku á bilinu sex til sjö þátttakendur þátt í hverri smökkun og var meðaleinkunn reiknuð út frá mati hópsins. Markmiðið var að finna bestu franskarnar á svæðinu – bæði hvað varðar gæði og verðmæti fyrir peninginn.

Niðurstöðurnar komu mörgum á óvart en það var staðurinn Bragabátar sem stóð uppi sem sigurvegari með hæstu heildareinkunn. Þar þóttu franskarnar bæði einstaklega bragðgóðar og vel kryddaðar, auk þess sem skammtastærð miðað við verð fékk mikið lof.

Í öðru sæti lenti Samúelsson með sterka frammistöðu í öllum flokkum, en Olís fylgdi fast á eftir og fékk sérstaklega hrós fyrir mikið magn og gott

verð. Kaffi krús og Skalli klárðu topp fimm listann og þóttu traustir kostir, þó þeir næðu ekki alveg toppsætunum.

Ekki voru þó allir staðir jafn heppnir. Sumir fengu gagnrýni fyrir ofeldaðar eða „slappar“ franskar, á meðan aðrir þóttu einfaldlega of dýrir miðað við magn.

Samkvæmt meðlimum klúbbsins var þetta þó fyrst og fremst gert í góðu gríni og til að finna nýja uppáhaldsstaði. Ljóst er að franskar eru ekki bara franskar heldur geta þær verið mikið sameiningartákn þar sem meðlimir klúbbsins voru virkilega áhugasamir og metnaðarfullir fyrir rannsókninni sem spannaði yfir 6 vikna tímabil.

Eins og áður kom fram stóðu Bragabátar uppi sem sigurvegarar og hljóta því titilinn bestu franskarnar í Árborg 2026 og óskum við þeim innilega til hamingju með þennan titil.

Hér má sjá einkunngjöf á fimm efstu sætunum.

Bragabátar

- Bragð: 4,5
- Útlit: 4,1
- Verð vs skammtur: 4,2
- ★ Meðaltal: 4,27

Samúelsson

- Bragð: 4,2
- Útlit: 3,6
- Verð vs skammtur: 4,2
- ★ Meðaltal: 4,00

Olís

- Bragð: 4,25
- Útlit: 3,6
- Verð vs skammtur: 4
- ★ Meðaltal: 3,95

Kaffi krús

- Bragð: 4,2
- Útlit: 4,3
- Verð vs skammtur: 3,3
- ★ Meðaltal: 3,93

Skalli

- Bragð: 3,85
- Útlit: 3,7
- Verð vs skammtur: 3,4
- ★ Meðaltal: 3,65



Mánaland hlaut styrk fyrir verkefnið „Ævintýri í hverju spori: málörvun frá morgni til kvölds“

Katrín Hólm Árnadóttir, leikskólalastjóri Mánalands, hlaut styrk fyrir verkefnið „Ævintýri í hverju spori: málörvun frá morgni til kvölds“. Verkefnið er unnið á vegum leikskólans Mánalands í Vík í Mýrdal og miðar að því að efla íslenskukunnáttu fjölyngdra barna og foreldra þeirra. Þar sem um 80% barnahópsins eru af erlendum uppruna er lögd rík áhersla á að nýta raunaðstæður daglegs starfs til markvissrar málörvunar. Byggt er á náms-efninu Orð eru ævintýri og sjónrænum stuðningi fléttað inn í allar rútnur leikskólans, allt frá fataherbergi til matborðs. Helstu nýjungar verkefnisins eru notkun sögusvunta, sem gera sögu-stundir lifandi og áþreifanlegar, og sérstakra málörvunrpoka fyrir heimilin. Í pokunum eru bækur og QR-kóðar sem vísa á hljóðupptökur þar sem starfs-fólk leikskólans les sögur. Þannig fá foreldrar mikilvægan stuðning við framburð og geta tekið virkan þátt í málþroska

barna sinna á heimavelli. Markmiðið er að brúa bilið milli skóla og heimilis, lækka tungumála-þröskuldinn og gera íslenskunám að náttúrulegum og ævintýralegum hluta af hversdegi barnanna.

Mýrdalshreppur



Katrín Hólm Árnadóttir tók við styrknum úr hendi Silju Báru R. Ómarsdóttur rektors. Mynd: Mýrdalshreppur



BERSERKIR BJJ
BRAZILIAN JIU JITSU

SUMARNÁMSKEIÐ Í BJJ

**4 VIKNA NÁMSKEIÐ
Í BRAZILIAN JIU JITSU**

Skemmtilegt, krefjandi og uppbyggilegt sumarnámskeið fyrir börn og unglinga. Byggjum sjálfstraust, tækni og félagskap.



**7 TIL 11 ÁRA
4 VIKUR**



**12 TIL 16 ÁRA
4 VIKUR**



**SKRÁNING Á
ABLER.IO/SHOP/BERSERKIRBJJ**

Andri Már er unglistamaður Árborgar 2026

Mikil sköpunargleði, hugmyndaauðgi og listræn nálgun einkenni þátttöku í verkefninu Unglistamaður Árborgar 2026, þar sem ungir listamenn úr sveitarfélaginu fengu tækifæri til að sýna hæfileika sína og deila verkum sínum með samfélaginu.

Dómnefnd fór yfir fjölbreytt og glæsileg innsend verk og var niðurstaðan afar jöfn. Öll listaverkin báru með sér metnað, frumleika og einstaka sýn, og í mörgum tilfellum munaði einungis örlitlu á stigagjöf milli verka. Það sýnir vel þann mikla kraft sem býr í ungu listafólki í Árborg.

Unglistamaður Árborgar 2026 er Andri Már Óskarsson, 12 ára. Í öðru sæti varð Sóley Nanna, og í þriðja sæti varð Sigurlína Reynis.

Við óskum þeim innilega til hamingju með glæsilegan ár-

angur og þökkum um leið öllum þeim sem tóku þátt. Framlag hvers og eins skipti máli og samann skapaði þessi hópur sýningu sem fyllti dómnefnd og gesti stolti og aðdáun.

Listaverkin munu halda áfram að gleðja augu gesta á næstunni þegar þau verða sett upp til sýnis í Sundlaug Selfoss, þar sem fleiri fá tækifæri til að njóta þessarar frábæru sköpunar. Við höfum ekki enn sett listaverkin upp, en það mætti kannski taka fram að þau eru til sýnis á vinnustofu MFÁ.

Við erum ótrúlega stolt af öllum þátttakendum – listaverkin vöktu mikla athygli á meðal gesta.

Í dómnefnd sátu Bragi Bjarnason, bæjarstjóri, Berglind Björgvinsdóttir, formaður MFÁ, Þórleif Hanna Guðgeirsdóttir, varaformaður MFÁ, Emilía Ósk Friðriksdóttir, 10 ára, Elmar



Andri Már Óskarsson, 12 ára, er Unglistamaður Árborgar 2026. Mynd: Aðsend

Andri Bragason, 10 ára, Sara Þórunn Fannarsdóttir, 10 ára, Hinrik Þór Friðriksson, 8 ára og Bjarnþór Grétarsson, 8 ára.

Verðlaunaafhending fór fram sunnudaginn 26. apríl kl. 12:00 á vinnustofu MFÁ. Öll börn febgju þátttökuverðlaun og buðum við öllum þátttakendum og fjölskyldum þeirra upp á kaffi og léttar veitingar.



Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags verður haldinn mánudaginn 11. maí á Hótel Selfossi. Fundurinn hefst kl. 18:00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Önnur mál.

Knútur Rafn í Friðheimum fer yfir samstarfsverkefnið „Í góðu lagi“

Boðið verður upp á veitingar.

Sjáumst kærufélagar
Stjórn Bárunnar, stéttarfélags.



Efstu þrjú sætin (Andri Már, Sigurlína og Sóley) með Braga og yngsta keppandanum, Björgvíni. Mynd: Aðsend.

Vortónleikar Jórúkörsins

Fimmtudaginn 14. maí nk., uppstigningardag, verður Jórúkórinn með sína árlegu vortónleika í Skálholtskirkju kl 16:00.

Kórinn kemur fram endurnærður eftir dásamlegt kórferdalag til Garda vatnsins á Ítalíu, þar sem Jórur lögðu land undir fót í tilefni þess að 30 ár eru liðin frá stofnun kórsins. Kórinn - ásamt Unni Birnu Björnsdóttur kórstýru, Dagnýju Höllu Björnsdóttur gítarleikara, Sigurgeiri Skafta Flosasyni bassaleikara og Skúla Gíslasyni trommuleikara - söng undir berum himni og sólinni á nokkrum vel völdum stöðum við Gardavatn, við mjög góðar undirtektir þeirra sem á flutninginn hlýddu. Lagavalið var einstaklega fjölbreytt, allt frá heimstónlist til

vestræns popps með snert af íslenskum þjóðlagaarfi. Öll lögin verða flutt á tónleikum kórsins, þann 14.maí í Skálholtskirkju, þar sem kórinn, ásamt hljóðfæraleikurum, mun án efa smita gesti af sólargledinni sunnan úr Evrópu og senda þá heim með gleði í hjarta og sól í sinni. Það er því tilvalið að nýta uppstigningardag í góðan bíltúr um uppsveitir Árnassýslu sem endar á vortónleikum Jórúkörsins og jafnvel veitingum á veitingastaðnum Hvönn í Skálholti að tónleikum loknum. Jórúkórinn hlakkar til að taka á móti öllum gestum sem koma og hlusta á vortónleikana. Hægt er að tryggja sér miða á heimasíðu kórsins, www.jorukorinn.is, miðaverð er 5.000 kr. frítt fyrir 14 ára og yngri.



Framboðslistar í Flóahreppi í sveitarstjórnarkosningum 16. maí 2026

Yfirkjörstjórn Flóahrepps auglýsir hér með þá framboðslista sem verða í kjöri í Flóahreppi við sveitarstjórnarkosningar þann 16. maí:



FLÓAHREPPUR

I - listi Framfaralistans

1. **Árni Eiríksson**
Kt. 080966-4589 – Skúflæk II Norðurbæ
Teymsstjóri hjá Landi og Skógi og oddviti
2. **Hulda Kristjánsdóttir**
Kt. 300184-3249 – Forsæti 2
Sveitarstjóri og sveitarstjórnarfulltrúi
3. **Walter Fannar Kristjánsson**
Kt. 060989-2229 – Litlu Reykjum
Lögfræðinemi og sveitarstjórnarfulltrúi
4. **Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir**
Kt. 051092-2879 – Hólshúsum
Reiðkennari og sérfræðingur
5. **Hjalti Guðmundsson**
Kt. 260969-4479 – Smalaskála
Húsasmiðameistari og framhaldsskólakennari
6. **Sveinn Orri Einarsson**
Kt. 150296-3239 – Egilsstaðakoti
Vélfræðingur
7. **Sigrún Hrefna Arnardóttir**
Kt. 160574-4619 – Skyggisholti
Kjólaklæðskeri og ferðabjónustubóndi
8. **Sigurjón Reynisson**
Kt. 061005-3230 – Hurðarbaki
Nemi í rafvirkjun
9. **Helena Hólm**
Kt. 010164-4359 – Skálatjörn
Hársnyrtmeistari og ferðabjónustubóndi
10. **Stefán Geirsson**
Kt. 300581- 5289 – Gerðum
Bóndi

T - listi


1. **Almar Sigurðsson**
Kt. 140559-3509 – Lambastöðum
Ferðabjónustubóndi
2. **Ágúst Hjálmarsson**
Kt. 131185-2949 – Dalsmynni
Verkamaður og frístundabóndi
3. **Halla Kjartansdóttir**
Kt. 2707783729 – Ölvisholti
Múrari og bóndi
4. **Ólafur Sveinn Gíslason**
Kt. 160762-2099 – Þúfugörðum
Myndlístarmaður
5. **Anný Ingimarsdóttir**
Kt. 080368-3569 – Vorsabærjarhjáleigu
Félagsráðgjafi
6. **Jónas Már Hreggviðsson**
0203724949 – Langholti
Húsasmiðameistari
7. **Brynjár Þór Þormóðsson**
Kt. 190989-2599 – Hjálmholti
Bóndi og sölumaður
8. **Gunnar Einar Jóhannsson**
Kt. 130964-3039 – Hróarsholti
Framkvæmdastjóri
9. **Íris Björk Magnúsdóttir**
Kt. 1412733619 – Höfðatúni
Félags- og sjúkraliði
10. **Guðrún Jónsdóttir**
Kt. 030253- 4349 – Sandbakka
Eldri borgari

Kjörfundur hefst kl 9:00 í Félagslundi og lýkur kl.20:00 Taling atkvæða fer fram á sama stað að kjörfundi loknum.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum mun sveitarstjórn Flóahrepps leggja fyrir íbúakönnun um hug íbúa til sameiningarmála. Frekari upplýsingar um íbúakönnun munu birtast á heimasíðu Flóahrepps www.floahreppur.is

Yfirkjörstjórn Flóahrepps

Fulltrúar frá Þjóðskrá verða á kjörstað vegna prófunar á rafrænni kjörskrá en prófunin mun ekki hafa áhrif á kjósendur eða á fyrirkomulag kosninga.



Auglýsing um utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Kosið er á skrifstofum embættisins á afgreiðslutíma skrifstofa frá kl. 9:00 – 15:00.

Afgreiðslutími verður lengdur þegar nær dregur kosningum. Sjá nánar á www.syslumenn.is

Atkvæðagreiðsla hjá sérstökum kjörstjórum

Frá og með 4. maí er unnt að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum eftirfarandi sveitarfélaga:

Sveitarfélagið Ölfus	Hrunamannahreppur
Skaftárhreppur	Hveragerðisbær
Bláskógabyggð	

Að auki verður hægt að greiða atkvæði á heimili Pálinu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 Suðurbæ, Örfæfum.

Nánari upplýsingar um atkvæðagreiðslu hjá sérstökum kjörstjórum má finna á www.syslumenn.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi, eigi síðar en kl. 10:00, fimmtudaginn 14. maí nk. (uppstigningardag)

Umsóknareyðublað er hægt að fá á skrifstofum embættisins og á vefsíðu Landskjörstjórnar www.kosning.is Umsóknir óskast sendar á netfangið sudurland@syslumenn.is eða lagðar fram á skrifstofum embættisins svo fljótt sem verða má fyrir ofangreint tímamark.

Kosning á stofnunum skv. 3. tl. 2. mgr. 69. gr. kosningalaga

Sjá nánar á www.syslumenn.is og www.kosning.is

Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra í umdæmi sýslumanns þar sem hann á ekki lögheimili. Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess sveitarfélags þar sem kjósandinn er á kjörskrá. Kjörstjóri annast póstsendingu atkvæðis að beiðni kjósanda. Allir kjósendur, sem greiða atkvæði utan kjörfundar á kjördag, bera sjálfir ábyrgð á að koma atkvæði sínu til skila. **Athugið:** Verði atkvæði póstlagt eftir 11. maí nk. er ekki tryggt að það berist víðeigandi kjörstjórn í tæka tíð.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Kristín Þórðardóttir

Hverfaráð eða hverfa ráð?

Nú hafa hverfisráðin verið endurvakin eftir að þau voru lögð niður sem liður í sparnaðaraðgerðum sveitarfélagsins. Hverfisráðin eru þrjú talsins og starfa á Eyrarbakka, Stokkseyri og í Sandvíkurhreppi. Er það vel. Ráðin eru vettvangur íbúa, búin til af sveitarfélögum til þess að efla íbúalýðræði og tengsl við nærsamfélagið. Hlutverk þeirra er því að vera rödd íbúa og á borð þeirra koma ýmis mál sem snúa að skipulagsmálum og þjónustu í samfélaginu auk framkvæmda sem ráðast þarf í og hafa setið á hakanum. Í samþykkt fyrir hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar segir að hverfisráð skuli vera vettvangur fyrir íbúa viðkomandi hverfis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun Sveitarfélagsins Árborgar innan viðkomandi hverfis.

Þannig geta þessi ráð, sé á þau hlustað, verið mikilvæg brú á milli íbúa og stjórnkerfis sveitarfélagsins.

En er það svo?

Í aðdraganda þess að hverfisráðin voru vakin upp frá dauðum átti sá sem hér skrifar samtalið við nokkra þeirra nefndarmanna sem sátu í ráðunum áður en þau voru aflögð. Lá mér forvitni á

að vita hvort þessir sömu aðilar hefðu ekki hug á að bjóða fram krafta sína á nýjan leik fyrst að nú ætti að blása nýju lífi í ráðin. Svörin sem ég fékk voru þó á einn veg: Aldeilis ekki!

Hvers vegna?

Á sjálfboðaliðana, (því ekki fengu þau greitt fyrir störf sín, tíma og metnað), var einfaldlega ekki hlustað. Upplifunin var að um sýndarlýðræði hafi verið að ræða og að ráðin sem þau gáfu hafi gufað upp áður en blekið náði að þorna á fundargerðinni. Þannig var reynsla þeirra að þeim hafi verið sýnd vanvirðing við störf sín, eldmód og tíma. Þannig hræða sporin og afstaða þeirra því skiljanleg.

Hvað svo?

Hverfisráðin hafa verið endurvakin eins og hér hefur komið fram með nýju fólki sem brennur fyrir nærsamfélagi sínu. Þeim er mikið verk fyrir höndum. Fundargerðir síðustu hverfisráða gefa vísbendingu um hvað mætti leggja fram að nýju þar sem lítið virðist hafa þokast í mörgum þeirra mála sem þó voru einföld og ódýr úrlausnar. Þá hefur niðurskurðarhnífurinn ekki síst bitnað mjög á innviðum þorpanna við ströndina líkt og



Birgir Marteinsson

4. sæti á lista
Viðreisnar í Árborg

KOSNINGAR 2026



kemur fram í fundargerð félags eldri borgara á Eyrarbakka frá 29. september á síðasta ári þar sem fjöldi ábendinga um atriði sem betur mættu fara eru tiltekin – mörg hver afar auðveld úrlausnar fyrir metnaðarfullt sveitarfélag að kippa í liðinn.

Virðing

Viðreisn fagnar því að hverfisráðin séu nú tekin til starfa. Við ætlum að fylgja eftir málum sem okkur er treyst fyrir af hverfisráðunum þar til niðurstaða liggur fyrir um málalok þeirra innan stjórnkerfisins. Það skal vera á ábyrgð bæjarfulltrúans sem fundi hverfisráðsins situr að skila svari um leið og það liggur fyrir í stjórnsýslunni, hvort sem það er nei eða já. Það er lágmarkskurteisi.

Viðreisn stundar ekki sýndarlýðræði og ætlar að sjá til þess að borin sé virðing fyrir því starfi sem fram fer í hverfisráðum sveitarfélagsins. Því getum við í það minnsta lofað.

Virðing, virkni og góð lífsgæði alla ævi

Eldra fólk er ómetanlegur hluti samfélagsins í Árborg. Þetta er hópur sem hefur byggt upp samfélagið okkar og lagt sitt af mörkum í gegnum árin. Því er mikilvægt að sveitarfélagið leggi áherslu á að þjónusta, umhverfi og tækifæri taki mið af þörfum eldri íbúa.

Við viljum sjá samfélag þar sem fólk getur lifað sjálfstæðu lífi sem lengst, við góðar aðstæður og haft tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu. Félagssstarf eldri borgara er öflugt og mikilvægt, en það nær ekki til allra. Því þarf að tryggja fjölbreytt tækifæri til virkni og þátttöku, sem taka mið af ólíkum þörfum fólks.

Einnig er mikilvægt að huga að þeim sem flytja í sveitarfélagið á efri árum. Aðstæður fólks eru mismunandi og því skiptir máli að móttakan sé góð, upplýsingar skýrar og aðgengilegar og að eldra fólk finni sig velkomið og geti tekið þátt í samfélaginu frá fyrsta degi.

Stuðningur við aðstandendur og aðgengi að þjónustu

Aðstandendur standa oft einir þegar á reynir. Þegar veikindi



Elly Tómasdóttir

2. sæti á lista
B-lista Framsóknar í Árborg

KOSNINGAR 2026



Ólafía Ingólfssdóttir

11. sæti á lista
B-lista Framsóknar í Árborg

KOSNINGAR 2026



eða færniskerðing kemur upp breytist líf heillar fjölskyldu. Makar og börn taka á sig aukna ábyrgð, oft án þess að vita hvert á að leita eða hvaða úrræði eru í boði.

Hér er mikilvægt að bæta aðgengi að upplýsingum og styrkja stuðning við aðstandendur. Tengiráðgjöf í Árborg hefur sýnt hversu miklu máli skiptir að fólk þurfi ekki að standa eitt og velta fyrir sér hvert það á að leita. Öflug tengiráðgjöf styrkir ekki aðeins aðgengi að úrræðum heldur einnig virkni og félagsleg tengsl eldra fólks. Mikilvægt er að byggja áfram á þeirri góðu vinnu.

Umhverfi, lífsgæði og framtíðarsýn

Daglegt umhverfi skiptir miklu máli fyrir lífsgæði. Gönguleiðir og útivistarsvæði í nærumhverfinu eiga að hvetja til hreyfingar

og vera aðgengileg fyrir alla. Það þarf að vera auðvelt að fara út, ganga í rólegheitum og setjast niður þegar þörf krefur. Slík atriði eru grunnur að góðum lífsgæðum.

Í kosningabaráttunni heyrum við oft loforð um öfluga þjónustu, en það sem skiptir máli er hvernig hún virkar í raun. Þetta snýst um daglegt líf eldra fólks.

Við viljum tryggja að þjónusta sé skýr, aðgengileg og til staðar þegar fólk þarf á henni að halda. Við viljum einfalda upplýsingagjöf, styrkja tengiráðgjöf og styðja betur við aðstandendur, ásamt því að skapa fleiri tækifæri til virkni. Þá leggjum við einnig áherslu á að bæta nærumhverfi fólks og móttöku nýrra íbúa.

Markmiðið er skýrt: Árborg á að vera samfélag þar sem fólk getur lifað góðu og sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu.




Tímamót í húsnæðisuppbyggingu

Hveragerðisbær og Byggingafélag námsmanna ses. undirrita í dag, þriðjudaginn 5. apríl, viljayfirlýsingu um byggingu allt að 24 íbúða fyrir námsmenn við Gróðurmörk í Hveragerði. Undirritunin fer fram við Gróðurmörk 11 kl. 16.

Uppbyggingin er í samræmi við deiliskipulag sem nú er í vinnslu en gert er ráð fyrir að íbúðirnar verði 2ja herbergja, u.þ.b. 60 fermetrar að meðtalinni sameign. Auk íbúðanna er ráðgert að byggður verði sameiginlegur þjónustukjarni með þvottaadstöðu, hjóla- og vagnageymslu, ásamt lærdóms- og félagsrými fyrir íbúa nemendagarðanna.

Viljayfirlýsingin felur í sér að Hveragerðisbær lýsir vilja sínum til að úthluta Byggingafélagi námsmanna ses. lóð við Gróðurmörk undir uppbyggingu námsmannaíbúða í samræmi við framangreind áform ásamt því að leggja til stofnframlag til verkefnisins sbr. lög um almennar íbúðir nr. 52/2016, í formi niðurfellingar á lögbundnum gjöldum í samræmi við síðari samningagerð milli aðila.

„Uppbygging námsmannaíbúða í Hveragerði er stórt framfaraskref í byggðapróun og búsetugæðum í bænum. Að geta boðið stúdentum húsnæði og framleingt þannig tíma þeirra



í Hveragerði og átt möguleika á að nýta menntum þeirra síðar meir í bænum er mikilvægt lífsgæðaskref fyrir stúdenta og fjölskyldur þeirra. Uppbygging námsmannaíbúða í Hveragerði, þeim fyrstu á svæðinu, er vísir að bjartri framtíð bæjarins sem við getum verið stolt af,“ segir Pétur Markan bærarstjóri Hveragerðisbæjar.

Byggingarfélag námsmanna ses. hefur á síðustu árum byggt fjölda íbúða í Reykjavík og Hafnarfirði og hefur nú í rekstri tæplega 900 íbúðir sem leigðar eru til námsmanna. Byggingarfélagið þjónustar nemendur allra skóla á háskóla- og framhaldsskólastigi. Samkvæmt könnunum hefur áhugi fyrir námsmannaíbúðum utan Reykjavíkur færst stöðugt í vöxt með auknum

möguleikum á fjarnámi.

„Fyrir þremur árum óskaði Byggingafélagið eftir samstarfi við nokkur sveitarfélög, á og í kringum höfuðborgarsvæðið, um uppbyggingu námsmannaíbúða. Hveragerðisbær tók, fyrst sveitarfélaga, forystu í því verkefni og hefur í góðu samstarfi við okkur, unnið að framgangi málsins. Það hlýtur að vera hagsmunamál allra sveitarfélaga að íbúar þeirra sem stunda nám og komnir eru á efri stig menntunar þurfi ekki endilega að flytja úr sveitarfélaginu sínu til þess að fá leigða nemendaíbúð á hagstæðum kjörum. Forystumenn Hveragerðisbæjar sáu þetta strax og fyrir það erum við hjá Byggingafélaginu afar þakklát. Við hlökkum til að vinna að þessari uppbyggingu í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld í Hveragerði,“ segir Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri Byggingafélagsins í tilkynningu frá Hveragerðisbæ.

Alvöru rafskutla

Pro Country rafskuta keypt í maí 2025
Mjög lítið notuð. Staðsett á Selfossi.

Lengd 140 cm. Breidd 68 cm
Hæð undir lægsta punkt 13. cm
2 rafgeymar 75 AH
Hámarkshraði 15 km
Kemst 50-54 km á hleðslunni.

Verð: kr. 500.000.
Sími 893 0830



Það varst þú

Félagarnir Óskar Pétursson og Björgvin Þ. Valdimarsson eru að gefa út nýtt lag sem heitir „Það varst þú“ en þetta er nýjasta lag Björgvins og textinn er einnig eftir hann. Óskar og Björgvin Þ. hafa unnið mikið saman í gegnum tíðina en á fyrsta diskum Björgvins söng Óskar m.a. lögina Undir Dalanna sól, Kveðju heimanað og Mátt söngsins, auk lagsins Stúlkan mín sem Álftagerðisbræður sungu. Síðan gáfu þeir félagar út diskinn Allt sem ég er, árið 2009 en á þeim diskum var Óskar aðalsöngvari. Á disknum sungu þeir gestasöngvarar m.a. Björgvin Halldórsson en hann og Óskar sungu saman titillag disksins.


Texti nýja lagsins „Það varst þú“ fjallar fyrst og fremst um þakklæti til þess fólks sem maður gengur með í gegnum lífið og

bær minningar sem tengjast því.

Óskar syngur lagið af sinni alkunnu sníld enda með afbrigðum músíkalskur maður en bakraddir syngur söngkonan Helga Margrét Clarke.

Hægt er að hlusta á nýja lagið á Spotify og einnig að sjá myndband með laginu á Youtube.

Hér er linkur á Spotify: <https://open.spotify.com/track/3TEP5M0mtoS09nEH1fQpaO?si=-835b190931a54377>



OPIÐ
FYRIR
UMSÓKNIR
TIL 10. JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR
HEIMAVIST.IS

FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR
ALLS STAÐAR AÐ AF LANDINU

STUTT Í ALLT

HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI

HLÍÐARFJALL
VEITINGARSTAÐUR
7 MÍNÚTUR

8 MÍNÚTUR
BÍÐSÚS
VERSLANIR
MÍBBÆRNIN

3 MÍNÚTUR
KAFÍTHÚS
LÝSTIGRABURIN

3 MÍNÚTUR
ÍÞRÓTTAHÚS
RÆKTIN
SUND



Samfylkingin og óháðir
í Árborg



Lækkum kostnað
barnafólks



Proskahjálpið á Suðurlandi boðar til aðalfundar fimmtudaginn 7. maí n.k. kl. 20.00 í Bankanum vinnustofu Austurvegi 20, Selfossi.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar
3. Kosning stjórnar
4. Ákvörðun um félagsgjöld
5. Ákvörðun um stuðning við húsnæðisuppbyggingu
6. Önnur mál

Félagsmenn, núverandi og nýir eru hvattir til að mæta og taka þátt í starfi félagsins.



Hægt er að senda inn fréttatilkynningar á netfangið dfs@dfs.is

Auglýsing um kosningar til sveitarstjórnar í Grímsnes- og Grafningshreppi sem fara fram laugardaginn 16. maí 2026

Tveir listar eru í kjöri:

A- listi Framboðslisti um öflugt samfélag í vaxandi sveitarfélagi

1. Guðmundur Finnbogason Skólastjóri, Hraunbraut 12
2. Rebekka Lind Guðmundsdóttir Umsjónarkennari, Hólsbraut 18
3. Bergur Guðmundsson Þjónustumaður DeLaval, Brjánsstöðum
4. Ragnheiður Eggertsdóttir Matráður, Upphæðum 17
5. Pétur Thomsen Myndlistarmaður, Upphæðum 3
6. Dagný Davíðsdóttir Proskahjálfi, Hraunbraut 27
7. Sigurður Yngvi Ágústsson Smiður/Bóndi, Stærri - Bæ
8. Halldór Þorbjörnsson Áhaldahús/Reiðkennari, Miðengi 6
9. Örvar Bjarnason Kerfisfræðingur, Ásgarði 2
10. Sigríður Kolbrún Oddsdóttir Heldri borgari, Snæfoksstöðum 99

Ö - listi Betri sveit - fyrir okkur öll

1. Andrés Bertelsen Rekstrarstjóri, Ótilgreint heimilisfang
2. Ragna Ívarsdóttir Athafnakona, Ótilgreint heimilisfang
3. Friðrik Guðmundsson Aðstoðar vallarstjóri GÖ, Stóra - Hálsi
4. Viðar Marinósson Löggiltur fasteignasali, Ótilgreint heimilisfang
5. Gunnlaugur I. Ingimarsson Rekstrarstjóri, Undirhlíð 12
6. Sandra Gunnarsdóttir Athafnakona, Ótilgreint heimilisfang
7. Karl Heimir Karlsson Útvarpsmaður, Vaðnesi
8. Sigríður Björnsdóttir Skrifstofustjóri, Ótilgreint heimilisfang
9. Lára Valgerður Júlíusdóttir Lögmaður, Ótilgreint heimilisfang
10. Guðjón Kjartansson Sölumaður, Vaðnesi

Kjörstaður verður í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI á Borg í íþróttasalnum.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Atkvæði verða talin á sama stað strax að kjörfundi loknum.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Tryggjum að Hveragerði verði áfram bær fyrir alla

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga hafa ASÍ og BSRB beint kastljósinu að einu stærsta réttlætismáli samtímans, húsnæðismálum. Á nýlegum fundi samtakanna var sérstaklega fjallað um almenna íbúðakerfið og ábyrgð sveitarfélaga í uppbyggingu húsnæðis. Spurningin sem brennur á mörgum er einföld – en þung: Hvar á unga fólkið og venjulegt launafólk að búa?

Húsnæði er ekki bara markaðsvara

Á undanförunum áratugum hefur húsnæðismarkaðurinn í auknum mæli mótast af lögmálum markaðarins. Á sama tíma hefur framboð á félagslegu húsnæði dregist verulega saman. Fyrir um 25 árum voru um 7% íbúða hluti af verkamannabústaðakerfinu – í dag er hlutfall almennra íbúða innan við 1%.

Þessi þróun hefur raunverulegar og áþreifanlegar afleiðingar:

- Ungt fólk á erfiðara með að komast inn á markaðinn
- Fjölskyldur búa við meira óöryggi
- Láglaunafólk á erfiðara með að festa rætur í samfélaginu

Þess vegna skiptir almenna íbúðakerfið svo miklu máli.



Birgitta Ragnarsdóttir

Oddviti S-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026

Sveitarfélögin skipta sköpum

Eitt það mikilvægasta sem fram kom á fundinum er að sveitarfélögin eru lykilaðilar í lausninni. Þau skipuleggja land fyrir húsnæði, úthluta lóðum og taka þátt í fjármögnun með stofnframlögum. Kerfið byggir á samvinnu ríkis og sveitarfélaga til að tryggja byggingu leiguíbúða á viðráðanlegu verði. Markmiðið er skýrt, þ.e. að fólk greiði ekki meira fyrir húsnæði en það ræður við.

Þetta er ekki bara stefna – þetta er verkfæri sem virkar, ef vilji er fyrir hendi.

Hveragerði á að vera fyrir alla

Sem frambjóðandi á S-listanum í Hveragerði spyr ég: Viljum við bæ fyrir alla – eða aðeins fyrir suma?

Hveragerði hefur vaxið hratt og er eftirsóttur staður til búsetu. En án fjölbreytts húsnæðis lokum við dyrunum fyrir stórum hópi fólks, svo sem ungu fólki sem vill setjast hér að og eldra fólki sem vill minnka við sig. Við megum ekki láta bæinn þróa eingöngu fyrir þá sem hafa mest á milli handanna.

Við verðum að halda áfram

Hveragerði hefur þegar stigið mikilvæg skref með þátttöku í uppbyggingu húsnæðis í samstarfi við óhagnaðardrifin leigufélög. En það er ekki nóg – við verðum að halda áfram.

Almenna íbúðakerfið er eitt af fáum raunhæfum verkfærum sem við höfum til að:

- auka framboð á hagkvæmu húsnæði
 - draga úr þrýstingi á markaðnum
 - tryggja félagslegt réttlæti
- Ef sveitarfélög halda að sér höndum hægr á uppbyggingu – og vandinn eykst enn frekar.

Skýr stefna til framtíðar

Sem hluti af S-listanum vil ég að Hveragerði:

- haldi áfram samstarfi við óhagnaðardrifin leigufélög
- nýti skipulagsvald sitt til að tryggja lóðir fyrir slíka uppbyggingu
- taki virkan þátt í almenna íbúðarkerfinu


Þetta snýst ekki um hugmyndafræði – þetta snýst um raunveruleg lífsgæði íbúa í Hveragerði.

Húsnæði er grunnforsenda öryggis og lífsgæða

Húsnæði er ein af grunnforsendum öryggis og lífsgæða. Það eiga ekki að vera forréttindi að koma sér þaki yfir höfuðið heldur sjálfsagður réttur. Ef við viljum að Hveragerði sé samfélag fyrir alla – en ekki aðeins þá sem hafa efni á því – þurfum við að huga vel að næstu skrefum.

Á nýlegum fundi frambjóðenda í Hveragerði með ungmenningaráði var einmitt spurt um húsnæðismál ungs fólks. Við sem skipum S-listann viljum að ungt fólk geti búið hér og alið upp börnin sín, óháð efnahag. Til þess þurfum við að taka skýra og markvissa afstöðu. Við ætlum að vinna að því að Hveragerði verði áfram fallegur og fjölskylduvænn bær þar sem venjulegt fólk á raunhæfa möguleika á að koma sér upp heimili.

Við þurfum að halda áfram og gera enn betur.



Fuglaganga með Tómasi fuglafræðing um Skálholtstungu

Tómas Grétar Gunnarsson fuglafræðingur leiðir göngu um Skálholtstungu laugardaginn 9. maí kl. 9:00, þar sem hann fræðir gesti um fuglalíf staðarins.

Farið verður í göngu um Skálholtstungu, tungu milli Hvítar og Brúarár þar sem árnar mætast. Svæðið býr yfir einni stærstu óröskuðu mýri á

Suðurlandi og ríkulegu fuglalífi. Tómas fræðir um líffræðilega fjölbreytni svæðisins, mikilvægi þess fyrir fuglalíf og menningarmínjar í landslaginu.

Gangan er um 6 km og eru að mestu á jafnsléttu. Mikilvægt er að klæðast eftir veðri og gott að koma með nesti.

Aðgangur ókeypis og öll hjartanlega velkomin!

Íþróttabærinn Selfoss

Selfoss hefur til lengri tíma verið mikill íþróttabær. Börn og ungmenni stunda fjölbreyttar íþróttir, sum til skemmri tíma en önnur fara alla leið. Margir þessara einstaklinga skila sér svo í félagsstarfið í kring um deildirnar. Langflestir taka það með sér að eiga góðar og ógleymanlegar minningar frá árum sínum í íþróttum. Ávinningurinn af þátttökunni er margannaður og ljóst að íþróttir eru ein besta forvörn sem til er fyrir börnin okkar. Íþróttir hafa líka góð áhrif á samfélagið í heild og fátt sem sameinar meira en að styðja sitt lið. Þessi jákvæðu áhrif skila sér hvort sem þú stundar íþróttir til lengri eða skemmri tíma eða hvort þú stundar þær til þess að ná árangri eða af félagslegum ástæðum einum. Íþróttir eiga af þessum ástæðum að vera í forgangi í hverju samfélagi.

Uppbygging setið á hakanum

Aðstöðumál íþróttahúsa á Selfossi hafa lengi verið til umræðu á meðal þeirra sem við þær starfa. Þau eru þó af einhverjum ástæðum ekki vinsæl umræðuefni á opinberum vettvangi. Upplifunin er oft á tíðum sú að íþróttir séu baggi á Sveitarfélaginu þar sem áhrif þeirra og samfélagshlutverk eru gleymd. Það virðist vera auðvelt að forgangsraða fram fyrir íþróttir og er uppsöfnuð aðstöðuskuld við Ungmennafélagið og undirdeildir er í dag orðin gríðarleg. Þetta á við um æfinga- og aðstöðuna sjálfa og ekki síður sameiginlega félagsaðstöðu, hvort sem er um að ræða skrifstofur fyrir deildir, fundarsali eða sameiginlega lyftingaaðstöðu o.s.frv.

Staða innanhúsiþróttahúsa er óþóðleg

Árið 2004 var Íða, íþróttahúsið við Fjölbreyttaskóla Suðurlands, tekið í notkun. Í dag er það Sveitarfélagið sem leigir þar aðstöðu fyrir tugi milljóna á ári. Íða var vissulega þörf á sínum tíma og hefur reynst vel sem skammtímalausnin sem hún var. Staðan í dag er hins vegar sú að húsið er fullt. Handboltinn teflir fram liðum í öllum aldursflokkum hjá báðum kynjum sem gerir það að verkum að æft er í húsinu langt fram á kvöld (stundum til 23:00).

Þá hafa æfingátímar verið takmarkaðir hjá eldri iðkendum til þess að allir geti æft og yngri iðkendur æfa um helgar. Ekkert félag í okkar samburði er með færri æfingátíma. Vegna þessa takmarkast allt afreksstarf sem og frekari stækkun deildarinnar.

Íþróttahúsið Baula við Sunnulaekjarskóla var svo tekið í notkun árið 2008 en þá var starfsemi fimleikanna færð í heild sinni frá Vallaskóla. Eins og allir vita er sú aðstaða aðeins að nafninu til og nokkuð fjærri aðal íþróttasvæðinu. Elstu krakkarnir, landsliðsfólk í sínum flokkum, þurfa að hefja aðhlaup frá aðliggjandi gangi. Þar er engin keppnisaðstaða sem takmarkar verulega möguleika til mótahalds á Selfossi en flytja þarf rándýr áhöld í sendibílum á milli húsa með tilheyrandi hnjaski og jafnvel tjóni. Þjálfarar skipta um fót á einu klósetti sem ætlað er fyrir fatlaða en lítil sem engin önnur aðstaða er fyrir þjálfara og aðra starfsmenn deildarinnar. Þegar mest lætur eru þar 150 börn á æfingu á sama tíma. Þessir krakkar deila með sér tveimur klefum, og tveimur klósettum. Aðstaðan hefur frá upphafi verið ófullnægjandi og er í dag óþóðleg bæði fyrir iðkendur og starfsfólk fimleikadeildarinnar. Hún stenst jafnframt ekki þær kröfur sem gera má til íþróttaaðstöðu í íþróttabænum Selfossi.

Árið 2022 var svo tekið í notkun fyrsta og eina fjölnota-íþróttahúsið í sögu Selfoss, Selfosshöllin. Húsið sem svo sannarlega hefur sannað gildi sitt enda er það byggt í hjarta íþróttahúsa á Selfossi og geta börn gengið á milli æfinga í mörgum greinum eftir að í mesta lagi eitt skutl. Þar eru börn í leik fram á kvöld og allskonar annað líf er í húsinu. Allt eins og það á að vera.

Hugmyndir dagsins í dag – framtíðarsýn

Nú heyrast um það sögur að loksins standi til að byggja nýtt fjölnota íþróttahúsið sem hýsa á bæði fimleikadeildina og handboltann og jafnvel fleiri. Það eru auðvitað frábærar fréttir. Það sem ég hef þó áhyggjur af er fyrirhuguð staðsetning þess við Stekkjaskóla. Með hagkvæmni-ísútreikningum til skamms tíma

má eflaust færa fyrir því rök að skynsamlegt sé að stækka upphafleg áform um skólaíþróttahúsið í stærra mannvirki sem nýtist þá jafnt skólastarfi sem og annarri íþróttaiðkun.

Fyrir mér er það þó rörsýni. Fyrir utan hið augljósa eru líka ýmis hagkvæmissjónarmið sem nást með því að byggja upp við Engjaveg, bæði fjárhagsleg og ekki síst samfélagsleg. Má þar nefna minni frístundaakstur. Samlegðaráhrif með uppbyggingu annarra innviða fyrir íþróttir við Engjaveg. Á ég þar við skrifstofur, fundarsali, lyftingaaðstöðu og annað sambærilegt. Þá opnast tækifæri til þess að halda stærri viðburði sem skila tekjum víða í samfélaginu. Það sem er þó mikilvægast af þessu er það hagræði sem skapast fyrir deildirnar að raða upp sinni dagskrá þannig að allir geta notið hennar á sem bestan hátt. Með því að dreifa uppbyggingunni verða óhjákvæmilega til áreksrar æfingátíma milli deilda og erfitt getur reynst að raða þannig að aðgengi sé gott að því að æfa fleiri en eina íþrótt. Jafnframt verður erfðara að skipuleggja skutl eða frístundabíla þannig að allt gangi upp. Hættan er sú að aðgengi barna til íþróttaiðkunar

muni skerðast til muna, gjá getur myndast á milli deilda og iðkendum getur fækkað. Allt í andstöðu við það sem ætti að vera markmið.

Með þessari grein vil ég hvetja þá sem nú er í framboði að gera uppbyggingu íþróttaaðstöðu að kosningamáli og leggja spilin á borðið. Eftir áratuga aðgerðarleysi þarf bygging nýs íþróttahúss og félagsaðstöðu að fara efst í bunkann og ákvarðanir þurfa að ráðast af því hvað sé best til langs tíma.

Gerum íþróttaaðstöðuna okkar á Selfossi eina af þeim glæsilegustu á landinu, við Engjaveg, þar sem allir geta notið hennar. Það er besta fjárfestingin fyrir



börnin okkar, fyrir félagsstarfið og fyrir samfélagið í heild – og á sama tíma er það skynsamlegasta ákvörðunin til framtíðar.

*Eyþór Lárusson
Selfyssingur, faðir og þjálfari
MFL kvenna í handbolta
á Selfossi*



**Samfylkingin og óháðir
í Árborg**



**Notendavæn
Árborg**

Laugardaginn 9. maí kl. 13.30

MENNINGARSAGA

Söguanga með Guðna Ágústssyni

Gangan hefst við stytta Egils Thorarensen við Sigtún Brúartorgi.

Þar segir Guðni sögu Selfoss í árdaga og upphaf byggðarinnar við Ölfusá

Gengið verður um Brúarstræti inn í miðbæinn nýja og saga húsanna rakin og áform Sigtúnsmanna. Á bæjartorginu fagra verður saga Mjólkurbús Flóamanna rakin, sagt frá Konungshúsinu og Friðriksgáfu.

Síðan verður genginn Austurvegurinn og sagt frá umsvifum Egils, Kaupfélagsmanna og annarra merkra Selfyssinga í leiðinni. Stoppað á Kaupfélagsstéttinni við Ráðhús Árborgar og í Tryggvagarði.

Göngunni lýkur í Fischerstréinu í Gamla Landsbankahúsinu. Guðni segir sögu Bobby Fischers og hvers vegna hann gerðist Íslendingur. Í lok sögustundarinnar í Fischerstréinu verður boðið upp á kaffi og kleinur í kosningamiðstöð Framsóknar á Austurvegi 35.



xB

Öllum sem vilja fræðast er boðið að vera með í göngunni, ungum og öldnum.
Verið hjartanlega velkomin.



Farsæld barna er lykillinn að góðu samfélagi

D

Hekla Björt Birkisdóttir

8. sæti D-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026



D

Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir

10. sæti D-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026



Lykillinn að farsæld barna lsnýst um að börn búi við aðstæður sem styðja við þroska þeirra, líkamlega, andlega og félagslega. Við þurfum að skapa aðstæður þar sem börn eru örugg, fá stuðning eftir þörfum og hafi jöfn tækifæri til að vaxa og dafna. Farsæld felur í sér að horft sé heildstætt á barnið og að tekið sé mið af aðstæðum þess heima, í skóla og í fritíma, en

farsæld skiptir máli þar sem hún er mikilvæg forvörn sem leggur grunn að heilsu og þátttöku til framtíðar.

Markmiðið er að þjónustan sé samfelld, aðgengileg og auðveld í notkun og veitt á þeim tíma sem barnið þarf á henni að halda. Fjölskyldur eiga ekki að þurfa að flakka á milli marga þjónustukerfa.

Skýr sýn og markvissar aðgerðir

Okkur í D-listanum í Hveragerði er umhugað um börn og fjölskyldur. Við ætlum að stuðla að aukinni farsæld barna. Það gerum við með því að móta ábyrga stefnu, skýr markmið og fara í raunhæfar aðgerðir. Fyrsta skrefið er að vita hvar við stöndum. Við viljum meta reglulega stöðu í málefnum barna og ungmenna og nýta niðurstöður markvisst til umbóta. Þannig tryggjum við að þjónustan þróist í takt við þarfir barnanna. Við viljum jafnframt að sveitarfélagið verði leiðandi í því að vinna í anda farsældarlaganna. Þar skiptir snemmtæk ihlutun sköpum en með því að efla sérkennslu og grípa fyrir inn í styðjum við börn áður en vandi vex og áskoranir verða stærri og

flóknari. Við í D-listanum viljum gera samstarf skóla, félags- og heilbrigðisþjónustu skýrara og markvissara. Við viljum jafnframt taka skref fram á við í þjónustu við fötluð börn með því að tryggja betra aðgengi að úrræðum í nærumhverfi þeirra og jafna þátttöku þeirra í samfélaginu.

Það skiptir máli að hlusta

Lykilatriði í þessari vinnu er að hlusta. Raddir barna og fjölskyldna þurfa að fá raunverulegt vægi þegar kemur að þeirra eigin lífi. Það ætlum við að gera með því að skapa vettvang þar sem börn og foreldrar geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og haft raunveruleg áhrif á þjónustuna.

Lagasetning ein og sér tryggir ekki farsæld barna. Við sem vinnum í kerfinu og stjórn-sýslunni þurfum að láta kerfið virka fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Við gerum það með því að stuðla að opnu samtali á milli kerfa, samræma verkferla og hafa skýra ábyrgð. Farsæld barna er sameiginleg ábyrgð okkar allra. Með skýrri sýn getum við gert Hveragerði að leiðandi sveitarfélagi þar sem öll börn fá tækifæri til að blómstra.

Við á D-listanum teljum að farsæld barna eigi ekki að vera aukaatriði, heldur grunnstoð í uppbyggingu samfélagsins. Það er ekki bara skylda okkar heldur fjárfesting til framtíðar.

Léttum undir og lækkum kostnað



Brynjar Þór Elvarsson

3. sæti á lista Samfylkingar og óháðra í Árborg.

KOSNINGAR 2026



Tíminn flýgur og kosningar nálgast. Við í Samfylkingu og óháðum í Árborg opnuðum kosningaskrifstofu okkar formlega á sumardaginn fyrsta og kynntum stefnuskrá okkar fyrir kosningarnar 16. maí. Hér á eftir verður stiklað á stóru um helstu baráttumál okkar.

Árborg alla ævi

Meginmarkmiðið er að Árborg sé öflugt samfélag þar sem íbúar hafa jöfn tækifæri, þjónustan sé góð og hérna sé gott að búa ævina alla. Til þess að ungt fólk vilji setjast hér að og ala upp börn eða koma aftur heim eftir nám og stofna hérna fjölskyldu þurfum við að vera samkeppnishæf við önnur sveitarfélög. Þess vegna er mikilvægt að létta undir með barnafólki og lækka kostnað þeirra. Þetta gerum við með því að lækka leikskólalagjöld í skrefum yfir kjörtímabilið, setja þak á leikskólalagjöld og taka upp 100% systkinaafslátt.

Þjóðaráttak í umönnun eldra fólks

Samfylkingin boðar þjóðaráttak í umönnun eldra fólks og uppbyggingu yfir 1.500 hjúkrunarrýma á landinu öllu. Við þurfum að halda áfram að fjölga hér hjúkrunarrýmum í samstarfi við ríkið og vera tilbúin með lóðir þegar til þess kemur. Einnig þarf að fjölga dagdvalarrýmum. Við erum með góða þjónustu í Vínabúnaði og Árblik en biðlist-

arnir eru of langir. Þá er það velferðatæknin sem við teljum að geti bætt þjónustu til muna ásamt meiri samþættingu í þjónustu við eldra fólk þannig þau hafi einn stað til að leita á fyrir þá þjónustu sem þau þurfa.

Einfaldara regluverk

Til framtíðar þarf að auðvelda íbúum og fyrirtækjum rekstur og uppbyggingu í Árborg. Það blasir við að einfalda þarf regluverk og ferli leyfisumsóknna, þannig að þeir sem eru í rekstri eða hyggjast hefja rekstur hafi einn tengilið eða vettvang fyrir sín erindi. Komum í veg fyrir að fólk þurfi að fara út um allan bæ með erindi sín og jafnframt passa upp á að leyfisveitingaraðilar komi í réttari röð og þetta sé margra mánaða ferli. Snúum dæminu við þannig að frumkvöðlum og fyrirtækjum sé treyst til að fara strax af stað og hefja rekstur, en veitum leiðsögn um úrbætur þegar eftirlit leiðir í ljós að þörf er á. En til þess að allt haldist í hendur þurfa að vera hvatar fyrir fyrirtæki og stofnanir að hefja starfsemi í Árborg. Tryggja þarf nægt lóðaframboð fyrir atvinnustarfsemi víðsvegar um sveitarfélagið ásamt því að sveitarfélagið sé raunverulega samkeppnishæft þegar kemur að álögum á fyrirtæki.

Hér að ofan hef ég nefnt fáein atriði úr ítarlegri stefnuskrá Samfylkingarinnar og óháðra í Árborg. Hægt er að kynna sér stefnuskránnu á www.xs.is/arborg eða á samfélagsmiðlum okkar. Við hvetjum einnig íbúa til þess að kíkja til okkar á kosningaskrifstofuna að Eyravegi 23 Selfossi og spjalla við okkur um stefnumálin eða hvaðeina sem fólk liggur á hjarta.

Stöðugleiki byggir upp sterkara samfélag

Það skiptir máli hverjir sitja við stjórnvölinn í bæjarstjórn. Reynslan er þar lykilatriði. Hún skapar festu, yfirsýn og betri ákvarðanir sem nýtast samfélaginu til lengri tíma. Þegar fólk fær að starfa lengur en eitt kjörtímabil byggist upp þekking sem skiptir sköpum, þekking á ferlum, forgangsröðun og því hvað raunverulega skilar árangri.

Sem nýliði í þessum málum segi ég það hreint út: ég væri ekki jafn róleg ef allur hópurinn væri jafn óreyndur og ég. Þess vegna er ég þakklát fyrir að fá að starfa með reynslumiklu og traustu

fólki sem skiptir máli þegar taka þarf stórar ákvarðanir til dæmis um skipulag nýrra íbúðahverfa, uppbyggingu skóla eða þróun samgangna. Þetta eru verkefni sem krefjast undirbúnings, skýrra markmiða og ábyrgðar.

Við eigum ekki að vera að skipta stöðugt um stefnu eða hlaupa í skyndilausnir sem líta vel út í dag en standast ekki tímans tönn. Við þurfum stöðugleika og skýra sýn.

Við viljum byggja upp sterka innviði, halda áfram að lækka gjöld þar sem svigrúm er til, styðja við fjölskyldur og at-

D

Linda Björk Hilmarsdóttir

3. sæti D-listans í Árborg

KOSNINGAR 2026



vinnulíf og setja fram raunhæfar lausnir sem standast.

Ég kem inn með ferska sýn og vilja til að læra en líka ákveðni til að leggja mitt af mörkum. Þegar reynsla og ný hugsun vinna saman verða til bestu niðurstöðurnar. Það er sú leið sem ég vil fara.

Styðjum, þróum og eflum frístunda- og félagsmiðstöðvarstarf fyrir öll börn í Ölfusi

Það var dýrmæt reynsla fyrir mig að starfa í félagsmiðstöðinni í Þorlákshöfn á tveggja ára tímabili 2017-2019. Það vakti hjá mér mikinn áhuga á að starfa með ungu fólki því ég fann þarna að ég hef mikið fram að færa. Í störfum mínum legg ég áherslu á að skapa öruggt, uppbyggjandi og skemmtilegt umhverfi og er meðvitaður um hversu miklu máli skiptir að nýta félagsmiðstöðvarstarf í forvarnskyni. Frá árinu 2020 hef ég starfað í sértækri félagsmiðstöð í Reykjavík sem er fyrir börn og ungmenni sem hafa sérstakar stuðningsþarfir.

Frístundamál og starf félagsmiðstöðva gegna mjög mikilvægu hlutverki í lífi barna og ungmenna. Þar skapast vettvangur fyrir félagslega þátttöku, sjálfsstyrkingu og uppbyggileg samskipti. Með fjölbreyttu framboði af tómsendum fá ungmenni tækifæri til að þróa hæfileika sína, kynnast nýju fólki og byggja upp jákvæða sjálfmynd. Slíkt starf er ekki aðeins skemmtilegt heldur hefur einnig mikil forvarngildi, þar sem það styður við heilbrigðan lífsstíl og dregur úr líkum á félagslegri einangrun.

Það er þó þannig að félagsmiðstöðvarstarf er mjög mismunandi á milli sveitarfélaga og ég tel að sveitarfélagið Ölfusi geti stutt betur við það mikilvæga starf sem fer fram í félagsmiðstöð, þróað og bætt aðstöðuna.

Það er þörf á að brúa bilið sem er á milli frístundar fyrir 1-4 bekk, yfir í miðstig í félagsmiðstöð. Svo þarf að leggja mikla áherslu á að ná áfram til krakkana í 8. bekk til að hjálpa þeim að aðlagast efsta stigi og taka virkan þátt í félagsmiðstöðvarstarfi alla grunnskólagönguna. Góður félagslegur grunnur gerir allt félagslíf í framtíðinni svo miklu betra, þess vegna þurfum að horfa til þess að hjálpa krökkunum að fara á milli þessara stiga.

Ólíkir einstaklingar þurfa ólíka nálgun

Félagsmiðstöðvar geta verið lykilþáttur í að efla samfélagsvitund og ábyrgðarkennd. Með því að skapa öruggt og styðjandi umhverfi þar sem allir eru velkominir, er hægt að stuðla að aukinni þátttöku og jafnræði. Það er mikilvægt að þróa starfið áfram í takt við þarfir ólíkra hópa og



Pálmi Þór Ásbergsson

3. sæti S-listans í Ölfusi

KOSNINGAR 2026



tryggja að sem flestir geti notið þess sem boðið er upp á.

Í því samhengi má nefna að ávinningur gæti falist í því að koma á fót sértækri félagsmiðstöð fyrir einstaklinga með sérþarfir. Slíkt úrræði myndi skapa aðgengilegt og sérsníðið umhverfi þar sem einstaklingar geta tekið þátt á eigin forsendum, myndað tengsl og eflt sjálfstæði sitt. Þessi nálgun fellur vel að hugmyndum um forvarnir, þar sem snemmtæk og markviss þátttaka getur haft jákvæð áhrif til lengri tíma.

Fjárfesting í frístundastarfi og félagsmiðstöðvum er því ekki aðeins útgjaldaliður heldur mikilvæg samfélagsleg fjárfesting. Með því að leggja áherslu á aðgengi, fjölbreytni og þróun má skapa enn sterkari grunn fyrir framtíðina og tryggja að allir hafi raunveruleg tækifæri til þátttöku og vellíðanar í samfélaginu okkar.

Vorið kemur, heimur hlýnar - Vortónleikar Söngsveitar Hveragerðis

Vorið er tíminn sem tónlistarfólk gleðst og heldur sína uppskeruhátíð, ef svo má segja. Vorið lyftir andanum og það er hlýrra í lofti og allstaðar eru flottir tónleikar í boði, einmitt uppskera tónlistarfólksins eftir veturinn.

Vetrarstarf Söngsveitar Hveragerðis fór af stað í september síðastliðnum eftir frábæra kórferð til Ítalíu þar sem við vorum á kóramóti á Verona og Garda svæðinu.

Þema jóltónleikanna okkar var uppáhalds lög kórfélaga og þema vorsins er Hveragerði, enda bærinn okkar 80 ára og því við hæfi að halda upp á tíma-mótin með því að lagaval okkar sé eftir tónskáld sem tengist Hveragerði með einum eða öðrum hætti.

Í október fengum við svo boð á annað kóramót á Ítalíu. Í þetta skipti á Sardiníu. Auðvitað slóum við til og erum við að fara til Sardiníu um mánaðarmótin ágúst/september næstkomandi. Og að sjálfsögðu munum við blanda Ítalíu lögum okkar inn í vortónleikana okkar með íslenskum þjóðlögum og öðrum íslenskum perlum.

Það hefur verið líf og fjörhjá okkur í vetur og tókum við meðal annars þátt í styrktartónleikum fyrir hreinsun á orgelinu í Hveragerðiskirkju og núna 2.maí síðastliðinn sungum við með Álafosskórnum og Söngfélagi Þorlákshafnar á tónleikum í Breiðholti kirkju.

Vortónleikarnir okkar verða haldnir í Hveragerðiskirkju 10.maí kl:20 og kostar 4.500kr.- Vinsamlegast athugið engin korta viðskipti en hægt er að leggja inn á kórin.

Stjórnandi Söngsveitar Hveragerðis er Margrét Stefánsdóttir. Meðleikur á píanó er í höndum Esterar Ólafsdóttur. Hljóðfæraleikur Kristján Ólafsson. Og svo fáum við góða gesti, nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga. Að tónleikum loknum verður boðið upp á kaffi og konfekt.

Söngsveit Hveragerðis hlakkar til að sjá ykkur öll og fagna vorinu með ykkur.



Samfylkingin og óháðir
í Árborg

Eflum
forvarnarstarf



BARNA- MENNINGARDAGUR

Í SKÁLHOLTI SUNNUDAGINN 10. MAÍ

**SKEMMTILEG OG LIFANDI
DAGSKRÁ FYRIR FJÖLSKYLDUR
OG BÖRN (6-12 ÁRA)**

Barna- og fjölskyldumessa í Skálholti dómkirkju frá kl. 11:00 til 11:45. Eftir messu er fjölskyldum **frjálst að fara á milli stöðva**, hver stöð tekur um 45 mínútur. Dagskrá lýkur kl. 15.

DAGSKRÁ



**LANGSPILSVINNUSMIÐJA
Í ÞORLÁKSBUÐ**



LEIÐSÖGN UM SKÁLHOLT

með höfundi bókanna um Úlf og Eddu



**FORNLEIFASKÓLI
BARNANNA**

– mæting við kirkjuna



**ÚTILEIKIR OG
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN**

– á túninu við kirkjuna



**VEITINGASTAÐURINN
HVÖNN**

með nýbakaðar
vöflur allan daginn!



**VERIÐ VELKOMIN
Í SKÁLHOLT**

**SKANNIÐ
QR-KÓÐANN
TIL AÐ SJÁ ALLA
VIÐBURÐI!**

ATHUGIÐ:

Dagskráin er ætluð
börnum 6–12 ára.
Börn skulu vera í fylgd
fullorðinna.



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað
ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíðMiðvikudagar kl. 11-14
Opíð húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, SelfossiSími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

LÖGGILTUR RAFVERKTAKI
Á SUÐURLANDI
Tómas Örn
Sími: 897 2027
tommisnorra@gmail.comVið prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
7. maí kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 7. maí kl. 14:45

BRANDARA KAFFI OG
GAMANVÍSURKaffihlaðborð kvennfélagsins
verð 1.500 kr.

Koppafeiti gefur út nýjan slagara

Sunnlenska hljómsveitin
Koppafeiti hefur gefið út
nýtt lag á öllum helstu streymis-
veitum sem ber titilinn Langar
nætur. Langar nætur er fyrsta lag
ársins 2026 sem hljómsveitin
sendir frá sér.„Langar nætur er nýjasta
lagið frá hljómsveitinni Koppa-
feiti. Lagið fjallar um það þegar
að daginn tekur að lengja og
næturnar verða lengri. Lagið
var samið um vetur með sumar
í huga,“ segir Hvergerðingurinn
Ívar Dagur, gítarleikari hljóm-
sveitarinnar, í samtali við Dag-
skrána.Lögin semur Ívar ásamt
Rangæingnum Hákonni Kára

KIRKJUR

Eyrarbakkakirkja

Fermingarmessa sunnudaginn
10. maí kl. 11:00.
Kirkjukórinn syngur, kantor Pétur
Nói Stefánsson, prestur Anna
Eiríksdóttir.

Selfoskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 10.
maí kl. 20:00. Kirkjukórinn syng-
ur, organisti Edit A. Molnár,
prestur Axel Árnason Njarðvík.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 9. maí
klukkan 11:00
Jón Hjörleifur leiðir biblíurann-
sókn og Jóel Matchett predikar.
Barna og unglingsstarf á sama
tíma
Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi
Allir hjartanlega velkomnir

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum
kl. 11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Messa fyrir alla aldurshópa 10.
maí kl. 11. Þemað er tengt helg-
inni þar sem Skálholt er allt lagt
undir náttúruskoðun og menn-
ingarlíf (sjá www.skalholt.is). Sr.
Kristín Þórunn Tómasdóttir og
Bergþóra Ragnarsdóttir djákni
þjóna ásamt Jóni Bjarnasyni org-
anista. Veitingastaðurinn Hvönn
er sömuleiðis opinn alla helgina.
Innilega velkomin í Skálholt.

Haukadalskirkja

Vormessa kl. 14 þann 10. maí.
Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir
þjónar fyrir altari og predikar, Jón
Bjarnason leikur undir safnaðar-
söng. Þórey Jónasdóttir er með-
hjálpari og Einar Gíslason for-
maður sóknarnefndar gefur heitt
kakó og kruðeri að messu lok-
inni. Innilega velkomin!

Strandarkirkja

Guðsþjónusta kl. 14:00.
Félagar úr Kór Þorlaks- og
Hjallasóknar leiða almennan
safnaðarsöng.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir,
sóknarprestur þjónar.
Verum öll velkominEinarssyni hljómborðsleikara.
Aðrir meðlimir hljómsveitarinnar
eru Selfyssingarnir A. Smári
Orrason trommuleikari, Sól-
mundur Ingi Símonarson bassa-
leikari og Rúnar Freyr Gunnars-
son slagverksleikari.Koppafeiti hefur notið mik-
illa vinsælda undanfarin ár og
hefur fest sig í sessi með sínum
einkennandi íslenska sveita-
ballstíl. Á síðasta ári gaf Koppa-feiti út tvö lög, annars vegar
lagið HALLÓ og lagið Besta
kvöld lífs míns. Árið þar á
undan sendi sveitin frá sér sína
fyrstu plötu, Nú verða sagðar
kvöldfréttir, sem vakti töluverða
athygli.„Koppafeiti býður til slag-
aramessu allt árið 2026 og eru
áhugasamir beðnir um að hafa
samband á netfangið koppa-
feiti@baragaman.is,“ segir Ívar.

Hljómsveitin Koppafeiti. Mynd: Aðsend.

Samfylkingin og óháðir
í ÁrborgSetjum þak
á leikskólagjöld

FUNDIR



FRAMBOÐSFUNDUR

Grænumörk 5 föstudaginn
8. maí kl. 14.Fulltrúar flokkanna fjögurra
sem bjóða fram vegna bæjar-
stjórnarkosninganna
í Árborg 16. maí næstkomandi
mæta á kynningarfund í Græn-
umörk og kynna þar áhærslu-
mál sín í málefnum aldraðra,
og svara fyrirspurnum.Eldri borgarar eru hvattir
til að mæta

Félag eldri borgara Selfossi

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlunYoga Nidra
byrjar
10. og 13. aprílRagnildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnildurgagga.isCand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,
svæðanudd og dáleiðsla.
Heilsulindinni í Miðgarði.Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir
fjölskyldur, vinnustaði og litla
hópa í heimahúsum.Heiðar Ragnarsson
S. 8981501

Samstaða um framtíð hestamannafélagsins Ljúfs

Dagur íslenska hestsins 1. maí var haldinn hátíðlegur með glæsibrag hjá Hestamannafélaginu Ljúf, þar sem sjónum var beint að einu stærsta hagsmunamáli félagsins, uppbyggingu reiðhalla. Ljúfur, sem sameinar um 250 félagsmenn úr Hveragerði og dreifbýli Ólfuss, er eitt fárra hestamannafélaga landsins sem enn býr við þann veruleika að hafa

hvorki reiðhöll né reiðskemmu á eigin svæði.

Starf félagsins hefur þó vaxið hratt undanfarin ár og æskulýðsstarf blómstrað. Sá árangur hefur náðst þrátt fyrir takmarkaða aðstöðu, meðal annars með dýrmætri aðstöð reiðhallareigenda í Ólfusi. Sú lausn er hins vegar ekki sjálfbær til lengri tíma og setur félagið í ákveðna pattstöðu

þegar kemur að áframhaldandi uppbyggingu og vexti.

Margir af fremstu hestamönnum landsins, þar á meðal heimsmeistarar, koma úr heimabyggð Ljúfs. Aðstöðuleysi hefur hins vegar orðið til þess að þeir hafa í auknum mæli þurft að æfa og keppa fyrir önnur félög – staða sem undirstríkar mikilvægi þess að efla aðstöðuna heima fyrir.

Það sem vakti þó ekki síður athygli á deginum var sú fágæta og ánægjulega samstaða sem birtist í þátttöku allra sex framboða í Hveragerði og Ólfusi. Fulltrúar beggja sveitarfélaga komu saman á einum stað til að kynna sér málið og ræða hvernig efla megi sameiginlega hagsmuni svæðisins. Slík samkoma, þvert á sveitarfélagamörk og pólitískar línur, er sjaldséd og undirstríkar mikilvægi verkefnisins.

Að kynningu lokinni fengu



frambjóðendum að heimsækja hesthús félagsmanna á Vorsabæjarvöllum í Hveragerði og kynnast starfsemi af eigin raun. Þar var augljóst að öflugt starf, metnaður og sterk félagsleg tengsl eru þegar til staðar – það sem vantar er aðstaðan til að styðja við áframhaldandi þróun.

Viðbrögð frambjóðenda voru jákvæð og allir flokkar lýstu yfir vilja til að styðja uppbyggingu reiðhalla á komandi kjörtímabili. Það er mikilvægt skref í

réttátt.

Næsta skref er að breyta þeim vilja í framkvæmd. Uppbygging reiðhalla er ekki aðeins fjárfesting í íþrótt – hún er fjárfesting í æskulýðsstarfi, heilsu og samfélagi. Dagurinn hjá Ljúfi sýndi skýrt að viljinn er til staðar. Nú þarf að láta verkin tala.

Greinarhöfundur er Margrét Polly Hansen, Byggsápróunarfulltrúi neðri hluta Árnessýslu og félagsmaður Ljúfs.



AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga skipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Ásmúlasel L224543; Úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2603067

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. apríl 2026 að kynna lýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Breytingin felst í afmörkun nýs 7,2 ha. landnotkunarreits fyrir frístundabyggð í landi Ásmúlasels L224543.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

2. Biskupstungnabraut og Þingvallavegur; Hjólastígur; Aðalskipulagsbreyting - 2509014

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2026, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að settir eru inn göngu- og hjólréiðastígur meðfram Biskupstungnabraut, Þingvallavegi og Sólheimavegi. Markmiðið er að bæta möguleika á vistvænum samgöngum, öryggi vegfarenda og heilsu íbúa og gesta, samhliða uppbyggingu ferðaþjónustu og annarrar þjónustu í sveitarfélaginu.

3. Stóra-Mástunga 1 L166603; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2511005

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2026 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að sett er inn ný náma í landi Stóru-Mástungu. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Með breytingunni er heimiluð allt að 45.000 m³ efnistaka á 2 ha svæði.

4. Tjaldafell fjallaríki L175568; Fjölgun lóða, auka byggingarheimildir og gistirými; Aðalskipulagsbreyting - 2511039

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2026 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 og gerð nýs deiliskipulags fyrir skálasvæðið við Tjaldafell norðaustan Skjaldbreiðar L175568. Fyrirhugað er að fjölga lóðum, heimila stærri mannvirki og fleiri gesti í gistingu.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

5. Einiholt 3 L192608; Byggingarreitur stækkaður, staðfest lega vegar og lóðir gestahúsa; Deiliskipulagsbreyting - 2604006

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2026 að kynna breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Einiholts 3 L192608. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir íbúðarhús og skemmu er stækkaður og færður, aðkoma af Einiholtsvegi er færð og vegum innan jarðarinnar er breytt. Þá eru lóðir fyrir gestahús minnkaðar og færðar.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Birkibýggð; Skilgreining íbúðarbyggðar; Deiliskipulag - 2604018

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 16. apríl 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Birkibýggðar í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst að heimiluð er íbúðabyggð í samræmi við nýja stefnu aðalskipulags um íbúðarbyggð og dreifbýli. Settir eru skilmálar fyrir íbúðarbyggðina í Birkibýggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð.

7. Tjaldafell skálasvæði; Skilgreining svæðis; Deiliskipulag - 2604012

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. apríl 2026 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Tjaldafells skálasvæðis. Lóðum er fjölgað og settir skilmálar fyrir hverja lóð, s.s. byggingarheimildir, nýtingarhlutfall lóða og fjöldi gesta. Gerð er grein fyrir fyrirkomulagi fráveitu. Lóðir eru á stærðarbilinu 5000 - 7500 m². Afmarkaðar eru tvær nýjar lóðir austan Tjaldafells, með heimild fyrir fleiri gestum í gistingu. Stærð skipulagsvæðis er um 15 ha. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi og er deiliskipulagið í samræmi við það. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur eldra deiliskipulag úr gildi.

8. Hvítárbyggð; Skilgreining frístundasvæðis; Deiliskipulag - 2602002

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Hvítárbyggðar og Fálkabyggðar, L238531, í Flóahreppi. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, með síðari breytingum, þar sem svæðið er skilgreint sem frístundabyggð (F22). Í tillögunni er kveðið á um skipulag og uppbyggingu frístundabyggðar á um 36 ha svæði, þar sem gert er ráð fyrir 29 frístundalóðum.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

9. Gaukhöfði og Búðafoss; Sveitarfélagamörk; Aðalskipulagsbreyting - 2602017

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 22. apríl 2026, með fimm atkvæðum viðkomandi óverulega breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Breytingin felur í sér samræmingu sveitarfélagamarka á aðalskipulagi sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni eru sveitarfélagamörk samræmd frá Gaukhöfða niður undir Búðafoss, þar sem staðfest landamerki milli jarða beggja vegna árinna liggja til grundvallar, en að öðru leyti er miðað við sveitarfélagamörk samkvæmt IS50v. Jafnframt er landnotkun aðlöguð að breyttum sveitarfélagamörkum, án breytinga á skilmálum, og eru breytingarnar unnar samhliða á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. og 5. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 7. maí 2026 með athugasemdarfresti til og með 29. maí 2026.

Mál 2. - 4. og 6. - 8. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 7. maí 2026 með athugasemdarfresti til og með 19. júní 2026.

Mál 9. er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi. Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tækni- og Væðingarsviðs Uppsveita

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í **897 4693**

Bókaðu á **UTIADAKA.IS**

„Með þér alla leið“



KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR

Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

LÖGGILTUR

HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S: 692-2575

800SMIDI@GMAIL.COM



S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



STÍFLULOSUN SUÐURLANDS



STÍFLULOSANIR

LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR

SÓNUM ÚT LAGNIR

LAGNAFÓÐRUN

ROTÞRÆR

FITUGILDRUR

SANDGILDRUR

SKÓLPHEINSISTÖÐVAR

HOLRÆSAHREINSUN

510 1180 - 669 8441

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKING
Á FRÁVEITUMÁLUM



VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Raflagnir Tölvulagnir Ljósleiðaralagnir



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is



GB Hús

NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979

GÍSLI

ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS



ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is



LAGNALAND EHF.

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is